

Ed.

751. Frumvarp til laga

[130. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.

1. gr.

Við síðustu málsgr. 6. gr. laganna bætist:

Nú næst ekki samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir skólamannvirki, og er þá heimilt að taka það eignarnámi. Fer um slíkt eignarnám eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Upphaf 14. greinar laga nr. 49/1967, um skólakostnað, orðist þannig:

Fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skiptast á tvö til fjögur ár vegna hvernar framkvæmdar. Heildarframlög ríkissjóðs til hvernar framkvæmdar skal vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, önnur en fjárveiting til undirbúnings, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjárveitingum til þeirra skólamannvirkja, sem samkvæmt gildandi lögum áttu að fá lokaframlag í fjárlögum 1973, má skipta á árin 1973 og 1974.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.